



Málþing um flutning þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga  
Hilton Hótel Nordica  
Miðvikudaginn 20. maí 2009

Samband íslenskra sveitarfélaga, samgönguráðuneytið og félags- og tryggingamálaráðuneytið standa að málþingi um flutning þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga miðvikudaginn 20. maí 2009. Fundarstaður er Hilton Hótel Nordica og fundartími er frá kl. 10:00 til kl. 15:30.

Markmið málþingsins er að leiða saman faghópa, sveitarstjórnarmenn, aðra hagsmunaaðila og áhugafólk um þjónustu við fatlaða og félagsþjónustu almennt og skapa vettvang til skoðanaskipta um framkvæmd tilfærslu á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga í samræmi við viljayfirlýsingu aðila frá 13. mars. 2009.

Málþingið hefst með stuttum ávörpum og almennir kynningu. Málþingið starfar í fimm málstofum og lýkur með pallborðsumræðu. Málstofur fjalla um eftirtalda efnisflokkka: *Aðferð við tilfærsluna - framtíðarsýn félagsþjónustu - myndun þjónustusvæða - starfsmannamál - mat á þörf fatlaðra fyrir þjónustu.*

Þátttökugjald er 5.000 kr. fyrir manninn. Hádegisverður og aðrar veitingar eru innifaldar í þátttökugjaldi. Skráning þátttöku er á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga: <http://www.samband.is/>.

Allar nánari upplýsingar er að finna á netinu hjá:  
Sambandi ísl. sveitarfélaga - <http://www.samband.is/>,  
félags- og tryggingamálaráðuneyti - <http://www.felagsmalaraduneyti.is/>,  
samgönguráðuneyti - <http://www.samgonguraduneyti.is/>